

Mánudaginn 30. nóvembermánaðar.

Nr. 21/1891:

Þorleifur Jónsson

gegn

síra Pjetri M. Þorsteinssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af Pjetri presti M. Þorsteinssyni gegn ritstjóra Þorleifi Jónssyni út af meiðyrðum, er hann hugði sig hafa orðið fyrir af ritstjóranum í blaði hans »Þjóðólfi«, 48. tölublaði 1890, en ritstjóri Þorleifur Jónsson höfðaði gagnsök út af meiðyrðum, er hann kvaðst hafa orðið fyrir í prentaðri áskorun einni, dags. 5. ágústmán. f. á., sem síra Pjetur Þorsteinsson með nokkrum öðrum mönnum hefur sett nafn sitt undir.

Mál þetta var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 4. júní p. á. með þeim úrslitum, að Þorleifur ritstjóri Jónsson var dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs, eða einfalt fangelsi í 15 daga, væri sektin eigi greidd í tækan tíma; svo voru öll hin meiðandi og óvirðandi ummæli í nefndri Þjóðólfs- grein dæmd dauð og ómerk að því leyti þau snertu síra Pjetur. Þar að auki var ritstjóri Þorleifur Jónsson dæmdur til að greiða allan af aðalsökinni leiðandi kostnað, eins og hún væri eigi gjafsóknarmál, þar með taldar 10 kr. í málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns síra Pjeturs, landritara Hannesar Hafsteins. En í gagnsökinni var síra Pjetur dæmdur sýkn af kærum og kröfum Þorleifs Jónssonar og málskostnaður í henni látinn falla niður.

Þessum dómi hefur ritstjóri Þorleifur Jónsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 11. júní 1891, og þar krafizt:

1. Í aðalmálinu: að aðalmálinu verði vísað frá undir-
rjettinum og honum dæmd hæfileg þóknun fyrir
»kost og tæring«; til vara: að hann verði að öllu
sýkn dæmdur af kærum og kröfum mótpartsins.
2. Í gagnsökinni: að áskorunin 5. ág. 1890 verði í heild
sinni ómerk dæmd, sjerstaklega hin tilgreindu meið-
yrði, og að mótparturinn verði látinn sæta hegn-
ingu eptir strangleika laganna, fangelsi eða sektum,
fyrir ærumeiðingar, og ennfremur dæmdur til að
greiða honum skaðabætur eptir óvilhallra manna
mati fyrir atvinnumissi og álitsspilli, »Tort og
Creditspilde«, að minnsta kosti 3000 kr., — og
til prauta-vara: að hin umstefndu meiðyrði á báð-
ar hliðar, hvernig sem fer, — verði látin mætast
að sljettu, en að mótparturinn verði dæmdur til að
borga honum skaðabætur, eins og hann hafi tekið
fram í kröfu sinni í gagnsökinni.

Svo hefur hann og, hvernig sem málið fer, kraf-
izt, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða sjer
málskostnað í aðal- og gagnsökinni, bæði fyrir undir- og
yfirdómi, með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur stefndi, sem fengið hefur
gjafvörn einnig fyrir yfirdómi og sjer settan talsmann,
krafizt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og á-
frýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað, þar
með talin varnarlaun til hins skipaða talsmanns stefnda.

Frávísunarkröfu sinni til studnings hefur áfrýjandi
tekið það fram, að umboðsskjal það, er talsmaður stefnda
hefur lagt fram, sje ógilt, af því að það sje ekki sann-
að notarialiter, að presturinn hafi gefið það út, og í
öðru lagi af því, að talsmaður stefnda hafi sjálfur bætt
sínu eigin nafni inn í umboðsskjalið — en á því var

eyða fyrir nafnið — án þess að sanna, að hann hafi haft heimild til þess. Með því að áfrýjandi eigi hefur skýlaust mótmælt því, að hinn stefndi hafi útgefið og undirskrifað tjeð umboðsskjal, nje heldur því, að talsmaður hins stefnda hafi í raun og veru haft heimild til að rita nafn umboðsmannsins í skjalið, þar sem eyða var fyrir það, en að eins haldið því fram, að þessi atvik sjeu ósönnuð, verður vefenging hans á umboði sækjanda eigi tekin til greina og frávisunarkröfunni þaraleiðandi eigi gaumur gefinn.

Gagnsökina hefur áfrýjandi höfðað til sekta og skaðabóta fyrir ummæli í áður nefndri áskorun 5. ágúst 1890, er hann í heild sinni telur meiðandi fyrir sig, og til ómerkingar á áskoruninni. Yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma um, að ummæli þau um blað áfrýjanda, sem í áskoruninni standa, sjeu ekki meiðandi, heldur sjeu þau einungis »kritik« um stefnu blaðsins í pólitisku tilliti, sem ekki getur verið saknæm, þegar hún ekki kemur fram í meiðandi eða óvirðandi búningi. Að áfrýjandi hafi beðið tjón af þessari áskorun, er ekki sannað; miklu fremur hefur áfrýjandi með ummælum sínum í ofan nefndri Þjóðólfs-grein sjálfur lýst því yfir, að áskorunin hafi enga verkun haft, að því Þjóðólf snertir. Fyrir því verða kröfur áfrýjanda í gagnsökinni um ómerking, sektir og skaðabætur ekki teknar til greina, heldur verður að sýkna stefnda af kærnum hans í gagnsökinni.

Að því loks kemur til aðalmálsins, þá hefur áfrýjandi í Þjóðólfs-grein sinni í 48. tölublaði 1890 með fyrirsögn »Peysuleg politík« talið áskorunina frá 5. ágúst 1890 »flónslega«, »lúalega«, »sprottna af öfund«, og segir, að auðvitað sje, að enginn taki þessa áskorun til

greina fremur en »strákaleg heimskupör óvandaðra götu-drengja«, og um hinn stefnda við hefur hann þau um-mæli, »að hann hafi verið fenginn — líklega fyrir eitt staup af brennivíni — til að skrifa nafn sitt undir á-skorunina«. Hin fyrnefndu ummæli eru óvirðandi, og ber því samkvæmt kröfu stefnda að dæma þau dauð og marklaus, að því stefnanda snertir, en hin síðast-nefndu ummæli um stefnda eru freklega meidandi og vanvirðandi fyrir stefnda, ekki sízt þegar haft er tillit til stöðu hans. Eru þau því með rjettu af undirdóm-aranum álitin saknæm, og með því yfirdóminum þykir eigi upphæð sektarinnar of há, og fellst á önnur ákvæði undirdómsins, verður í öllu tilliti að staðfesta hinn á-frýjanda dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir yfir-dómi, eins og málið ekki hefði verið flutt með gjaf-vörn, og þar á meðal 10 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hins stefnda.

Að því leyti málið er flutt með gjafsókn í hjerði og með gjafvörn fyrir yfirdómi, vottast, að flutningur þess hefur verið löglegur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Þorleifur Jónsson, greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið ekki hefði verið flutt með gjafvörn, þar með taldar 10 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns stefnda fyrir yfirdómin-um, Hannesar landritara Hafsteins.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. desembermánaðar.

Nr. 28/1891. Kristín Bjarnadóttir sem eigandi

Esjubergs og Sjávarhóla

gegn

Einari Magnússyni

ábúanda Skrauthóla.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem er um landamerki milli jarðanna Esjubergs og Sjávarhóla í Kjalarneshreppi annars vegar og jarðarinnar Skrauthóla í sama hreppi hins vegar, og sem því hefur verið rekið fyrir landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu og dæmt þar 29. júním. þ. á., hefur málshöfðandinn í hjerði, hinn stefndi hjer fyrir rjettinum, Einar bóndi Magnússon á Skrauthólum, sem heimild fyrir málshöfðun sinni lagt fram fyrir merkjadóm- inum skjal, dagsett 5. marz f. á., þar sem Páll nokkur Hafliðason á Skrauthólum veitir honum umboð til »að vera fyrir mína hönd við landamerki á jörðinni Skraut- hólum«, sem hann tjáir *hálf*a eign sína. Aðra eða frek- ari heimild til málshöfðunarinnar en þessa hefur hinn stefndi eigi sýnt í málinu, og það virðist þó mega ráða af málinu, að hann sje ekki sjálfur eigandi hinnar hálf- lendu jarðarinnar, þar sem hann kemur ávallt fram í málinu að eins sem umboðsmaður Páls Hafliðasonar, enda virðist og merkjalýsing Skrauthóla, dags. 2. júní 1890, bera með sjer, að fleiri sjeu umráðendur jarðar- innar en Páll Hafliðason og hinn stefndi.